

LÖG SKÁTASAMBANDS REYKJAVÍKUR

Lög þessi voru sett á aðalfundi 1988, birtast hér með áorðnum breytingum, nú síðast 28. mars 2019.



Efnisyfirlit

Eðli Skátasambandsins og verkefni þess	1
Stjórn SSR	2
Ýmis ákvæði	4
Lagabreytingar	4
Gildistaka og ákvæði til vara	4

LÖG SKÁTASAMBANDS REYKJAVÍKUR SSR

1 Eðli Skátasambandsins og verkefni þess

- 1.1 Samband skátafélaga í Reykjavík heitir Skátasamband Reykjavíkur, skammstafað SSR. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.
- 1.2 Öll skátafélög og aðrar starfseiningar skáta í Reykjavík, sem viðurkenndar eru af Bandalagi íslenskra skáta eru aðilar að SSR.
- 1.3 Verkefni SSR eru að:
 - A. Vera samnefnari félaganna gagnvart borgarstjórn og öðrum aðilum.
 - B. Vera í forsvari félaganna í sameiginlegum málum þeirra gagnvart stjórn Bandalags íslenskra skáta.
 - C. Sjá um sameiginleg skátamálefni, húsnæðismál og fjármál, og fylgjast með fjárreiðum félaganna.
 - D. Styrkja og efla skátastarfið í borginni og koma þeim félögum, sem illa eru á vegi stödd, til hjálpar.
 - E. Skipta borgarlandinu í starfssvæði milli skátafélaga og annarra starfseininga skáta í Reykjavík.
 - F. Stofna ný skátafélög í samvinnu við stjórn Bandalags íslenskra skáta.
- 1.4 Eftirfarandi fastaráð og nefndir starfa á vegum Skátasambands Reykjavíkur:
 - A. Minjanefnd. Þá á SSR aðild að Minjanefnd skáta. Í henni sitja 6 menn, tveir tilnefndir af BÍS, tveir af SSR og tveir af St. Georgsgildunum á Íslandi. Minjanefnd starfar samkvæmt sérstöku erindisbréfi og skiptir sjálf með sér verkum.
 - B. Hafravatnsráð er hafi umsjón með rekstri og uppbyggingu á Hafravatni. Í ráðinu sitja 3 menn, einn tilnefndur af stjórn SSR, tveir kosnir á aðalfundi SSR.
 - C. Uppstillinganefnd er hafi það hlutverk að leita eftir fólki til starfa fyrir SSR samkvæmt því sem fram kemur í lögum þessum og tryggja að í hvert laust sæti sé a.m.k. einn frambjóðandi.

2 Stjórn SSR

- 2.1 Aðalfundur fer með æðstu stjórn í málefnum Skátasambands Reykjavíkur en milli aðalfunda fer kjörin stjórn með málefni þess eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.
- 2.2 Aðalfundur skal halda eigi síðar en 1. maí ár hvert og skal boða til hans skriflega með þriggja vikna fyrirvara hið skemmsta. Til skriflegrar boðunar telst boðun með tölvupósti. Í fundarboði skal tilgreina eftirfarandi:

- A. Fundarstað og tíma.
- B. Hverjir ganga úr stjórn og fastaráðum SSR.
- C. Hverjir eru í uppstillinga- og laganefnd.

Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Aðalfundi skal stjórnað samkvæmt almennum fundarsköpum. Aðalfundur setur sér starfsreglur.

- 2.3 Tillögur frá aðilum SSR um menn í stjórn og endurskoðendur, svo og tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist viðkomandi nefndum í síðasta lagi tveim vikum fyrir aðalfund. Á aðalfundi er heimilt að bera upp tillögur um menn í hvert það embætti sem kjósa skal um, en minnst fimm fulltrúar verða að standa að tilnefningunni. Leggja skal fram skriflegt samþykki með tilnefningum þeirra sem ekki eru staddir á fundinum.
- 2.4 Viku fyrir aðalfund skal stjórn SSR senda út til félagsforingja og formanna starfseininga eftirfarandi:

- A. Tillögur um lagabreytingar.
- B. Tillögur uppstillingarnefndar.
- C. Endurskoðaða reikninga SSR.
- D. Skýrslu stjórnar.

- 2.5 Rétt til setu á aðalfundi eiga:

- A. Með atkvæðisrétti: Fulltrúar skátafélaga. Hver fulltrúi fer með atkvæði fyrir það skátafélag sem hann er skráður í og hefur hvert skátafélag þrjá fulltrúa á aðalfundi, þar af skal einn fulltrúi hvers félags vera félagsforingi eða aðstoðarfélagsforingi í hans stað. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Fulltrúar skulu vera orðnir lögráða. Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á aðalfundi, nema um lagabreytingu sé að ræða.
- B. Með málfrelsi og tillögurétti: Stjórn, ráðsmenn og starfsfólk SSR, endurskoðendur og skoðunarmenn SSR. Allir starfandi skátar í Reykjavík. Varafulltrúar skátafélaga/starfseininga. Stjórn BÍS. Stjórn SSR er heimilt að bjóða gestum til aðalfundar SSR.

- 2.6 Dagskrá aðalfundar skal vera:
- A. Kosning fundarstjóra og ritara.
 - B. Lögð fram skýrsla stjórnar. Umræður.
 - C. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar og fjárhagsáætlun til eins árs. Umræður.
 - D. Tillögur um lagabreytingar kynntar. Umræður.
 - E. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga, skýrslu stjórnar, reikninga og fjárhagsáætlunar.
 - F. Kosning stjórnar, sbr. ákvæði 2.7. Kosið skal í hvert embætti fyrir sig.
 - G. Kosning tveggja skoðunarmanna.
 - H. Kosning þriggja manna í uppstillingarnefnd fyrir næsta aðalfund og skal formaður kosinn sérstaklega. Kjósa skal sérstaklega um hvern mann.
 - I. Kosning eins fulltrúa af tveimur í eftirtalin ráð og nefndir: Minjanefnd, og Hafravatnsráð. Kosningin er til tveggja ára.
 - J. Önnur mál.
- 2.7 Stjórn SSR skal skipuð sjö einstaklingum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum. Kjörtímabilið er tvö ár. Formaður og varaformaður skulu ekki kjörnir á sama ári. Tveir meðstjórnendur skulu kjörnir eitt árið en einn meðstjórnandi hitt árið. Leitast skal við að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu í stjórn.
- 2.8 Láti einhver stjórnarmanna, fulltrúi í ráði eða nefnd af störfum eða ef um langvarandi fjarveru stjórnarmanns er að ræða á milli aðalfunda skal félagsforingjafundur í samráði við uppstillingarnefnd manna stöðuna fram að næsta aðalfundi.
- 2.9 Stjórnin skal halda fundi með félagsforingjum eða fulltrúum þeirra að jafnaði tvisvar fyrir jól og þrisvar eftir jól yfir vetrartímann og ber að boða þá bréflaga með minnst 10 daga fyrirvara og skal dagskrá fylgja.
- 2.10 Tvö eða fleiri félög geta farið fram á það við stjórn SSR að hún kalli saman félagsforingjafund og er henni þá skylt að boða til og halda slíkan fund innan viku.
- 2.11 Stjórninni er skylt að kynna starfáætlun SSR á félagsforingjafundi í byrjun hvers starfsárs og senda hana út til skátafélaganna.
- 2.12 Stjórninni er heimilt að ráða starfsmenn er starfi samkvæmt sérstökum erindisbréfum.
- 2.13 Stjórninni er heimilt að setja reglugerðir samkvæmt lögum þessum.
- 2.14 Verði Skátasamband Reykjavíkur lagt niður skal Bandalag íslenskra skáta fara með og ávaxta eigur þess sem eigur sjálfsstæðs félags í 10 ár. SSR verður ekki lagt niður nema að slík tillaga verði samþykkt af meirihluta tveggja lögmætra aðalfunda. Hefji SSR eða viðurkenndur arftaki þess aftur starf innan þess tíma tekur viðkomandi við eiginum, en að öðrum kosti skal stjórn BÍS ráðstafa þeim til skátafélaga í Reykjavík.

3 Ýmis ákvæði

- 3.1 Skátafélögum og starfseiningum skáta innan SSR er skylt að setja sér lög. Í lögnum skal meðan annars tilgreina eftirfarandi:
- A. Aðalfund skal halda í febrúarmánuði ár hvert og skal senda fundarboð til stjórnar SSR og stjórnar BÍS og er þeim heimilt að senda áheyrnarfulltrúa.
 - B. Í félaginu skal starfa minnst þriggja manna stjórn. Þar á meðal skulu vera félagsforingi, ritari og gjaldkeri.
 - C. Í félaginu skal starfa foringjaráð þar sem æðri foringjar og stjórn félagsins eiga sæti. Þess skal gætt að í stjórn og foringjaráði sitji fólk af báðum kynjum.
 - D. Stjórn SSR skal skipa annan skoðunarmann félagsins.
 - E. Hætti félagið störfum um lengri eða skemmri tíma, skal SSR taka við eigum þess til varðveislu og ávöxtunar og fara með þær sem eigur sjálfstæðs félags í mest 10 ár. Hefji félagið eða viðurkenndur arftaki þess, aftur störf innan þess tíma, tekur það við eignunum aftur, en að öðrum kosti skal SSR ráðstafa eignunum til skátafélaga í Reykjavík, í samráði við stjórn BÍS.
- 3.2 Atkvæði félaga á aðalfundi SSR er háð því skilyrði að félagið hafi skilað tilskildum gögnum vegna skátaþings til BÍS, með afriti til SSR, og félagatali eftir aldursstigum, innan tilskilins tímafrests.

4 Lagabreytingar

Lögum þessum verður einungis breytt á aðalfundi með 2/3 hlutum gildra atkvæða og er stjórninni skylt að senda skátafélögum og Bandalagi íslenskra skáta eintak af þeim innan mánaðar frá samþykkt.

5 Gildistaka og ákvæði til vara

Lög þessi, sem sett voru á aðalfundi 1988 og breytt á aðalfundum 1989, 1990, framhaldsaðalfundi 3. apríl 1991 og aðalfundum 10. maí, 1994, 17. apríl, 1996, 27. apríl 2000, 22. maí 2002, 11. maí 2012, 2. maí 2013, 23. mars 2014, 26. mars 2015, 15. mars 2016 og 23. mars 2017, 28. mars 2019 og öðlast þegar gildi.